

full ástæða hafa verið til að framkvæma eyðingu meindýranna í öllu húsinu, og verður því þessi kröfuliður tekinn til greina að öllu leyti, enda hefur fjárhæð hans ekki verið sérstaklega mótmælt.

Samkvæmt þessu ber stefnda að greiða stefnanda kr. 560.00 með 6% ársvöxtum, sem reiknast frá stefnudegi, 20. apríl 1949.

Þá þykir rétt, að stefndi greiði stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas Kristjánsson, Björn L. Jónsson, Hjörtur Hansson, Axel Helgason og Hannes Björnsson f. h. Náttúrulækningafélags Íslands, greiði stefnanda, Sumarliða Betúelssyni, kr. 560.00 með 6% ársvöxtum frá 20. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 250.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. nóvember 1951.

Nr. 161/1949. **Ákærvaldið** (Ragnar Ólafsson)

gegn

Ólafi Oddgeir Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fjársvik. Brot gegn hlutafélagalögum, lögum um gjaldþrotaskipti og lögum um bókhald.

Dómur Hæstaréttar.

Samkvæmt málshöfðunarskipan og stefnu var mál þetta höfðað gegn ákærða m. a. fyrir brot gegn XVII. kafla hegningarlaganna. En héraðsdómari lét undir höfuð leggjast að dæma þá hegðun ákærða, sem ætla má, að hann hafi verið saksóttur fyrir eftir téðum kafla. Með bréfi, dags. 9. des. 1950, til sækjanda málsins fyrir Hæstarétti hefur Dómsmálaráðuneytið horfið frá ákæru fyrir brot á XVII. kafla

hegningarlaganna. Verður héraðsdómurinn því ekki ómerktur vegna téðrar yfirsjónar héraðsdómara.

Hinn 10. október 1947 gaf ákærði út kr. 2200.00 ávísun til Þórðar Bogasonar. Dagsetti ákærði ávísun þessa fram í tímann og lofaði, að innstæða yrði fyrir henni á gjalddaga. En það brást. Þetta atferli varðar ákærða við 261. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Önnur hegðun ákærða er af héraðsdómara réttilega færð til refsíákvæða, og þykir mega staðfesta héraðsdóminn að niðurstöðu til.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 3000.00 til hvors.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn staðfestist.

Ákærði, Ólafur Oddgeir Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Ragnars Ólafssonar og Egils Sigurgeirssonar, kr. 3000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 31. okt. 1949.

Ár 1949, mánudaginn 31. október, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í bæjarþingstofunni í hegningarhúsinu af Gunnari A. Pálsyni, dómara samkvæmt sérstakri umboðsskrá, kveðinn upp dómur í aukaréttarmálinu: Réttvísun og valdstjórnin gegn Ólafi Oddgeir Guðmundssyni, sem tekið var til dóms í dag.

Mál þetta er af réttvísinnar og valdstjórnarinnar hálfu höfðað fyrir aukaréttinum gegn Ólafi Oddgeir Guðmundssyni frá Keflavík, fyrrum kaupmanni og útgerðarmanni, nú til heimilis að Gesta- og sjómannaheimili Hjálpræðishersins, Kirkjustræti 2 hér í bænum, fyrir brot gegn XVII., XXVI. og XXVII. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og lögum nr. 25 14. júní 1929 um gjaldþrotaskipti, lögum nr. 62 11. júní 1938 um bókhald og lögum nr. 77 27. júní 1921 um hlutafélög.

Ákærði, Ólafur Oddgeir Guðmundsson, er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur hinn 11. júní 1913 í Keflavík. Samkvæmt hegningarvottorði úr hegningarskrá ríkisins hefur hann áður sætt þeim ákærum og refsingum, er nú greinir:

1. Hinn 20. apríl 1938: Sættist í Keflavík á að greiða 55.00 króna sekt fyrir ólöglegan bifreiðarakstur.
2. Hinn 15. febrúar 1945: Kærður í Reykjavík af Viðskiptamálaráðuneytinu fyrir ætlað brot gegn reglugerð um skömmtnun á fiskilinum. Afgreitt til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. maí 1945.
3. Hinn 3. október 1946: Kærður fyrir ætluð ávisanasvik. Fellt niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins 22. maí 1947.
4. Hinn 3. maí 1947: Sættist á 75.00 króna sektargreiðslu fyrir brot gegn 2. tölulið 5. gr. reglugerðar nr. 72 1937.
5. Hinn 8. september 1947: Sættist á 100.00 króna sektargreiðslu fyrir að hafa of marga farþega í bifreið, fyrir vöntun afturljóss bifreiðar og akstur framhjá öðru farartæki á gatnamótum.
6. Hinn 1. september 1948: Sættist á 1500.00 króna sektargreiðslu fyrir brot gegn 15. gr. sbr. 2. mgr. 22. gr. laga nr. 70 5. júní 1947, tilkynningu verðlagsstjóra nr. 25 1947 og 1. gr. sbr. 7. gr. laga nr. 60 30. desember 1939.

Svo sem fyrr segir, er ákærði, Ólafur Oddgeir Guðmundsson, fæddur í Keflavík 11. júní 1913. Þar ólst hann upp og átti heima allt fram til ársins 1944. Árið 1932 keypti hann vörubifreið og hóf akstur hennar fyrir eigin reikning. Var þetta fyrsti sjálfstæði atvinnurekstur ákærða. Bifreið þessa átti hann nokkur ár og ók henni ýmist sjálfur eða bróðir hans, en árið 1940 seldi hann hana.

Árið 1935 hóf ákærði fiskverkun í Keflavík og hafði nokkra menn í þjónustu sinni. Hélt hann því áfram um skeið og verkaði síðast fisk sumarið 1938.

Sumarið 1934 eða 1935 mun ákærði hafa fengið leyfi hjá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu til verzlunar í Keflavík, og 7. september 1935 opnaði hann sölubúð í Keflavík, og nefndi hann verzlun sína Verzlun Ólafs O. Guðmundssonar. Afgreiðslustörf í sölubúðinni annaðist bróðir ákærða í fyrstu, en síðar tók ákærði sjálfur við þeim. Í fyrstu var verzlunin til húsa í Klappenborg við Túngötu í Keflavík. Árið 1938 fluttist verzlunin í húsið nr. 10 við Túngötu, en það hús reisti ákærði árið 1937 handa sjálfum sér. Er ákærði kvæntist árið 1939, settist hann og að í húsi þessu með konu sína.

Árið 1939 stofnaði ákærði hlutafélagið Oddgeir í Keflavík í þeim tilgangi að starfrækja verzlun og útgerð. Stofnendur voru auk ákærða Helgi Kristinsson, Páll Valdemarsson og Friðrik Karlsson, allir úr Keflavík, og Sigurður Magnússon úr Garði. Keypti félag þetta fyrst v/b Flóka, G.K. 198, en það var fiskibátur, að stærð 23 smálestir, byggður í Landssmiðjunni árið 1938. Bát þenna skírði ákærði um og nefndi Geir, en umdæmistala hélzt hin sama. Ekki hafði félag þetta aðra starfrækslu en útgerð báts þessa, og verzlun hafði það enga. Nokkrum skipum útvegaði það þó fisk til útflutnings í ís og seldi jafnframt nokkuð af ís. Í júní 1942 bilaði vél v/b Geirs, og þar eð erfitt var að fá gert við hana, seldi félagið bátinn.

Í september 1942 keypti félagið v/b Sigurgeir, er þá var í smíðum á

Isafirði. Var þetta 62 smáesta bátur með tveim 125 hestafla vélum, og var kaupverð hans kr. 350.000.00.

Á árinu 1943 voru bæði ákærði sjálfur og h/f Oddgeir komin í greiðslu-prot. Meðal lánardrottna ákærða var Steindór Einarsson bifreiðaeigandi hér í bænum, og virðist hann hafa haft forgöngu um að ganga hart að ákærða um greiðslu. Fékk hann sér til aðstoðar hrl. Sigurgeir Sigurjónsson. Mun ákærði fyrir atbeina Steindórs að miklu leyti hafa afsalað Sigurgeir fjármálalegu frelsi sínu. Hófst nú Sigurgeir handa um samningaumleitanir við lánardrottna ákærða og h/f Oddgeirs. Virðist hafa gengið á ýmsu milli ákærða og Sigurgeirs út af ráðstöfunum þeim, er gerðar voru í sambandi við samningaumleitanir þessar og síðari samninga um skuldir ákærða og hlutafélagsins, en með hvort tveggja sýnist ákærði hafa verið mjög óánægður. Þykir þó ekki vera efni til að rekja þetta nánar hér að öðru leyti en því að geta þess, að samningar náðust að lokum við alla lánardrottna ákærða og h/f Oddgeirs. Var sá háttur hafður á við endanleg skil, að eignir ákærða og hlutafélagsins voru seldar og andvirði þeirra slengt saman, og á sama hátt var skuldum beggja aðiljanna slengt saman og síðan samið sameiginlega um jafna hundraðshlutagreiðslu hvorra tveggja skuldanna. Samkvæmt bréfi hrl. Sigurgeirs Sigurjónssonar til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu 8. desember 1947 nam andvirði allra eigna ákærða og hlutafélagsins kr. 300.096.57. Forgangskröfur og veðskuldir námu hjá báðum aðiljum kr. 138.892.08 og almennar kröfur á báða aðilja kr. 383.547.71. Virðast forgangskröfur og veðskuldir hafa verið greiddar að fullu, og samkvæmt greindu bréfi Sigurgeirs voru greidd 40% af öðrum skuldum gegn fullnaðarkvittun, enda er þá þess að geta, að ýmsir vandamenn ákærða höfðu gefið nokkrar fjárhæðir, að því er virðist, fyrir atbeina Sigurgeirs, til þess að samningar næðust og unnt væri að greiða svona háan hundraðshluta almennra krafna.

Þegar þessum ráðstöfunum öllum var lokið seint á árinu 1944, voru hagar ákærða og h/f Oddgeirs þeir, að hvorugt átti neinar eignir, en bæði voru skuldlaus. Síðan þetta gerðist, hefur h/f Oddgeir ekkert starfað og ákærði ekki, svo uppvíst sé, gert neitt, er máli þykir skipta, í þess nafni.

Meðan á greindum skuldaskilum stóð, höfðu ákærði og kona hans flutzt úr Keflavík. Fluttist ákærði til Reykjavíkur, en var þó að einhverju leyti í Keflavík. Kona ákærða fluttist hins vegar austur í sveitir. Áður en skuldaskilunum lauk, gerði ákærði kaupmála við konu sína, og skyldu þau samkvæmt honum eiga sem séreign allt það, er þau hvort um sig kynnu að afla sér. Fyrir hjálp nokkurra kunningja ákærða tókst honum að ná fyrir konu sína eignarhaldi á húsinu nr. 10 við Túngötu í Keflavík haustið 1943. Fluttust hjónin nú aftur í hús þetta og bjuggu þar þangað til haustið 1944, en þá misstu þau það á ný að fullu og öllu.

Eftir að skuldaskilunum lauk, hóf ákærði að fást við ýmiskonar fyrirgreiðslu færeyskra skipa og útflutning ísfisks til Bretlands, svo og nokkra útgerð á leigubátum, allt í eigin nafni. Stundaði hann þessi störf til áramóta 1944 og 1945. Fyrstu dagana í janúar 1945 stofnaði ákærði hlutafélagið Ó. Oddgeir í Sandgerði. Er stofnfundargerð þess dagsett 2. janúar

1945, og tilkynnt var það til hlutafélagaskrár Gullbringu- og Kjósarsýslu 31. sama mánaðar. Stofnendur þessa félags voru taldir ákærði, Inga Nielsen, Helgi Kristinsson, Lovisa Guðmundsdóttir og Vignir Helgason, öll til heimilis í Keflavík. Stjórnendur voru taldir ákærði, er jafnframt var talinn framkvæmdastjóri, Inga Nielsen og Helgi Kristinsson. Tilgangur félagsins var talinn að stunda útgerðarstarfsemi með eigin skipum eða leiguskipum, skipamiðlun, verzlun og iðnað. Hlutaféð var talið 5.000.00, og var tilkynnt, að það væri að fullu greitt. Hið fyrsta, er ákærði gerði á vegum þessa félags, var að leggja drög fyrir að fá á leigu v/b Ottó frá Akureyri, eign Ottós Tulinius. Hugðist ákærði gera bát þenna út frá Sandgerði á vegum h/f Ó. Oddgeirs vetrarvertíðina 1945. Vantaði því félagið verbúðarhúsnæði, og festi ákærði þess vegna fyrir þess hönd kaup á húseigninni Staðarbakka í Sandgerði. Kaupverð húss þessa var kr. 27.000.00, og greiddi ákærði þegar í peningum kr. 5.000.00, og kveðst hann hafa notað hlutafé félagsins í þá greiðslu, en skuldabréf tryggt með fyrsta veðrétti í eigninni gaf hann út fyrir eftirstöðvunum, kr. 22.000.00. Ekki varð úr því, að ákærði fengi v/b Ottó leigðan, og hætti hann því við öll útgerðaráform í bili. Seldi hann þau veiðarfæri, er hann hafði aflað sér, og reyndi að leigja Staðarbakka, en tókst ekki. Datt ákærða nú í hug að breyta húsi þessu í samkomuhús til þess að láta það ekki vera algerlega óarðbært. Hafði hann nokkur fjárráð eftir sölu veiðarfæra, en ekki er þó ljóst, hversu mikil. Í fyrstu hafði hann í hyggju að nota húsið eingöngu fyrir dansskemmtanir og selja þar eingöngu það, sem hann kallar kaldar veitingar. Lét hann nú gera þær breytingar og endurbætur á húsinu, er nauðsynlegar voru, til þess að unnt væri að halda þar dansskemmtanir. Gekk þetta greiðlega, en um það leyti, er því var að verða lokið, datt ákærða í hug að afla sér tækja til kvikmyndasýninga og auglýsti eftir tilboðum. Bárust honum tvö tilboð. Var annað frá Guðmundi Egilssyni á Akranesi og Steindóri Hjaltalin útgerðarmanni, er buðu að selja sýningarvélar úr Bárúhúsinu á Akranesi og auk þess, að því er ákærði telur, stóla, veitingaborð og slaghörpu. Tókust samningar um þetta, og var söluverðið kr. 70.000.00, er ákærði greiddi allt með útgáfu þriggja veðskuldabréfa, tryggðra með veði í hinu keypta og húseigninni Staðarbakka. Telur ákærði sig aldrei hafa fengið ýmislegt af því, er hann keypti, t. d. kveðst hann aldrei hafa fengið slaghörpuna. Er þessi kaup voru komin í kring, lét ákærði breyta Staðarbakka þannig, að einnig var hægt að sýna þar kvikmyndir. Stundaði ákærði síðan um hrif eingöngu dansskemmtanahald og kvikmyndasýningar í Sandgerði, hvort tveggja fyrir reikning h/f Ó. Oddgeirs, en í maíbyrjun 1945 leigði hann húsið til dansskemmtanahalds til 1. október 1945, þó þannig, að hann áskildi sér rétt til kvikmyndasýninga á sunnudögum.

Þegar ákærði þannig var orðinn laus við Staðarbakka, datt honum á ný í hug að láta h/f Ó. Oddgeir hefja útgerð. Komst hann brátt í samband við Almennu fasteignasöluna hér í bænum, eða Brand Brynjólfsson lögfræðing, um kaup á v/b Jóni Stefánssyni frá Siglufirði, eign Sigurðar Péturssonar þar. Samdist svo, að ákærði keypti bátinn f. h. h/f Ó. Oddgeirs fyrir kr. 90.000.00 sumarið 1945. Greiddi hann kaupverðið með því að

taka að sér greiðslu 45.000.00 króna veðskuldar, er á bátnum hvíldi, og eftirstöðvarnar, kr. 45.000.00, með útgáfu nýs veðskuldabréfs, tryggðs með veði í bátnum. Ákærði lét lagfæra bátinn lítilsháttar, en hóf síðan útgerð hans frá Keflavík fyrir reikning h/f Ó. Oddgeirs. Gekk útgerðin illa, og flutti ákærði því bátinn brátt til Reykjavíkur og lét hann um skeið stunda vöruflutninga til Vestfjarða. Síðan lét ákærði bátinn stunda reknetjaveiðar frá Keflavík nokkra hríð, en sú útgerð gekk svo hörmulega, að nú keyrði um þverbak, og tók seljandi bátinn aftur af ákærða haustið 1945, og var sú útgerð þar með úr sögunni.

Hinn 1. október 1945 tók ákærði aftur upp dansskemmtanahald og kvikmyndasýningar í samkomuhúsinu Staðarbakka í Sandgerði fyrir reikning h/f Ó. Oddgeirs. Hélt hann síðan þeirri starfsemi áfram, unz allt komst í þrot vegna fjárhagsörðugleika. Gerðist það nú allt um svipað leyti, að Guðmundur Egilsson og Steindór Hjaltalín fengu húseignina Staðarbakka ásamt öllu, er þar var, upp í veðskuld sína hjá h/f Oddgeir og að bú þess félags og ákærða persónulega voru tekin til skiptameðferðar sem gjaldþrota. Voru gjaldþrotaúrskurðirnir kveðnir upp í skiptarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 30. janúar 1946.

Eftir uppkvaðningu gjaldþrotaúrskurðanna hætti ákærði að aðhafast nokkuð í nafni h/f Ó. Oddgeirs, og það, sem hann hefur síðan gert, hefur hann gert í eigin nafni. Fyrst eftir gjaldþrotin fór hann að hirða bein og fiskúrgang í Keflavík, hvort tveggja til þurrkunar. Er þurrkun var lokið, seldi hann þetta h/f Fiskimjöl í Reykjavík til vinnslu. Í maí 1946 hóf ákærði að flytja beinin og úrganginn til kaupanda og keypti sér í því skyni vöruflutningabifreið hjá Sölunefnd setuliðseigna án þess þó að greiða neinn hluta kaupverðsins við móttöku hennar. Skyldi hann láta hluta af andvirði beinanna ganga upp í bifreiðarverðið, en ekki varð útkoman af beinahirðingunni þó svo góð, að ákærða tækist það. Bifreiðin kostaði kr. 20.000.00, og tókst ákærða að greiða kr. 8000.00 upp í kaupverðið á árinu 1947, en þar eð honum ekki reyndist kleift að greiða meira, tók Sölunefndin bifreiðina aftur af honum, án þess að endurgreiða honum neitt af því, er hann hafði greitt upp í andvirðið, enda var það ekki talið meira en hæfileg leiga fyrir bifreiðina þann tíma, er ákærði hafði haft hana.

Eftir að ákærði hafði lokið akstri beinanna í greindri bifreið, fór hann að stunda á henni flutninga milli Árnes- og Rangárvallasýslna og Reykjavíkur. Ók hann bifreiðinni sjálfur fram í júní 1947, en þá lét hann annan mann taka við akstri hennar, og ók sá henni, unz hún var tekin af ákærða síðari hluta árs 1947.

Í júní 1947 keypti ákærði vörubifreiðina X. 461 og stundaði á henni ýmsan akstur þangað til um haustið 1947, en þá bilaði bifreið þessi, og ráðstafaði ákærði henni til viðgerðar í bifreiðaverkstæði Kaupfélags Árnesinga að Selfossi. Viðgerðarkostnaðinn tókst ákærða aldrei að greiða, og var bifreiðin að lokum seld til fullnustu hans, en afgangur söluverðsins rann til þrotabús ákærða.

Þegar bifreiðin X. 461 bilaði, tók ákærði að sér að sjá um útgerð v/b

Atla frá Akureyri hér í bænum fyrir eiganda hans, Gunnar Jósefsson, Akureyri. Einnig keypti hann úrsalt alls staðar, þar sem hann gat í það náð. Úrsaltið seldi hann Landssambandi íslenskra útvegsmanna, er notaði það í sildarflutningaskip.

Þessari atvinnu ákærða lauk snemma árs 1948, eða um leið og sildarvertíðinni. Þá komst hann í samband við nokkra færeyska útgerðarmenn og tók að sér fyrirgreiðslu fimm færeyskra skipa, er stunduðu veiðar hér við land. Seldi hann þeim m. a. beitusíld og aðstoðaði þau um ýmislegt, er þau þurftu aðstoðar við, allt fram á vor 1948, að þau fóru heim. Síðan hefur ákærði haft ofan af fyrir sér með ýmis konar vinnu í annarra þjónustu, aðallega með akstri vörubifreiðar milli sveitanna austanfjalls og Reykjavíkur.

Hér að framan hefur verið rakinn í stórum dráttum ferill ákærða og fyrirtækja hans, að því leyti sem nauðsynlegt má telja vegna úrlausnar máls þessa. Á því tímabili, er lýsing þessi nær yfir, hefur ákærði framið þau brot, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu. Verða þau nú tekin til athugunar.

Hinn 30. júní 1945 hóf sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu lög-
regluréttarrannsókn út af ýmis konar kærur, er borizt höfðu á hendur ákærða. Voru kærur þessar aðallega í sambandi við ávísanir, er ákærði hafði gefið út, en ekki höfðu fengizt innleystar, þegar þeim var framvísað í viðkomandi peningastofnun, en einnig snerust þær þó um ætluð fjársvik ákærða. Þegar bú ákærða og h/f Ó. Oddgeirs voru tekin til gjaldþrotaskiptameðferðar 30. janúar 1946, var greindri lögregluréttarrannsókn enn ekki lokið. Var henni eftir það haldið áfram um þau atriði, er sérstaklega höfðu verið kærð, en auk þess var henni nú beint að gjaldþrotum ákærða og h/f Ó. Oddgeirs og ýmsu, er uppvíst varð í sambandi við þau. Síðasta réttarhald, er sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eða fulltrúi hans stýrðu í rannsókn þessari, var háð 5. marz 1948. Þótti það vera komið í ljós, að rannsóknin yrði svo víðtæk og vinnufrek og þyrfti auk þess að framkvæmast í svo mörgum lögsagnarumdæmum, að sýslumaðurinn fór þess á leit við Dómsmálaráðuneytið í bréfi 19. marz 1948, að skipaður yrði í það sérstakur setudómari. Við þessari ósk varð Dómsmálaráðuneytið, og með umboðsskrá 10. maí 1948 skipaði það Gunnar A. Pálsson lögfræðing í Reykjavík til þess að halda rannsókninni áfram og fara með og dæma eftirfarandi mál á hendur ákærða. Enn fremur skipaði ráðuneytið 28. maí 1948 nefndan lögfræðing sérstakan skiptaráðanda til að fara með og ljúka skiptum í þrotabúi ákærða og h/f Ó. Oddgeirs. Frá greindum tímamörkum hefur Gunnar A. Pálsson lögfræðingur því farið bæði með greind þrotabúi og lögregluréttarrannsókn þá, sem er undanfari máls þessa. Svo hefur hann og kveðið upp dóm þenna.

Skiptum greindra þrotabúa lauk hinn 6. þ. m. Lýst hafði verið eftir kröfum í búin hvort um sig. Námu lýstar forgangskröfur í þrotabúi h/f Ó. Oddgeirs kr. 2771.80 og lýstar forgangskröfur í þrotabúi ákærða persónulega kr. 821.16. Almennar kröfur í þrotabúi h/f Ó. Oddgeirs námu kr. 5331.39 og í þrotabúi ákærða persónulega kr. 90.388.38. Má geta þess,

að meðal hinna almennu krafna í þrotabú ákærða persónulega, er krafa frá Sverri Júlíussyni útgerðarmanni, að fjárhæð kr. 55.174.77, sem talin er helmingur taps, er ákærði og Sverrir urðu fyrir af útflutningi ísfisks á árinu 1944. — Meðan búin voru til skipta, þótti koma í ljós, að ómögulegt væri að greiða glöggt á milli, hverjar hinna lýstu krafna áttu að greiðast úr hvoru búanna um sig. Auk þess var h/f Ó. Oddgeir þannig háttað, að ákærði bar persónulega ábyrgð á öllum skuldum þess, en ástæður þess verða raktar síðar. — Eignum á vegum ákærða var þannig háttað, að ógerningur reyndist að ákvarða, hvað af þeim hann átti persónulega og hvað hlutafélagið. Og við uppskrift þrotabús félagsins lýsti ákærði yfir, að það væri algerlega eignalaust og þær smávægilegu innstæður, er væru á nafni þess, væru eign hans sjálfs persónulega. Eignir, er hafðist upp á, námu samtals kr. 3845.84. — Af framangreindum ástæðum var sá háttur hafður á um skipti búanna, að eignirnar voru allar taldar í þrotabúi ákærða. Bú hlutafélagsins var gert upp sem eignalaust, en lýstar kröfur í það síðan fluttar yfir í þrotabú ákærða og gerðar þar jafnréttáar um niðurröðun og greiðslu og þær hefðu verið á það bú og lýst strax í það. Skiptum lauk á þann veg, að skiptakostnaður og ein forgangskrafa greiddist að fullu. Upp í aðrar forgangskröfur greiddust 74.65%, en ekkert greiddist upp í almennar kröfur.

Verða nú hin einstöku sakaratriði, þau er ákæran nær til, tekin til meðferðar hvert um sig.

I.

ÚTGÁFA TÉKKÁVÍSANA, ER EKKI HAFI FENGIZT INNLEYSTAR.

Svo sem að var vikið hér að framan, var eitt aðalviðfangsefni lögreglu-réttarrannsóknar þeirrar, er hófst yfir ákærða 30. júní 1945, í fyrstu útgáfa ákærða á tékkávisunum, er viðtakendur ekki fengu innleystar í viðkomandi peningastofnunum. Á því tímabili, er rannsóknin nær til, hafa verið töluverð brögð að því, að ákærði gæfi út ávisanir til manna, er hann átti skipti við, annað hvort fyrir sjálfan sig eða fyrir h/f Ó. Oddgeir, á innstæðulausa reikninga. Enn fremur hafa atvik oft verið þau, að á útgáfudegi ávisunar hefur að vísu verið næg innstæða á hinum ávísaða reikningi fyrir henni, en hins vegar hefur ákærði, hafi eitthvað dregizt að framvísa ávisuninni, verið búinn að ávísu öðrum svo miklu af innstæðunni á tímanum frá útgáfu viðkomandi ávisunar til framvísunar hennar eða þá jafnvel fyrir útgáfu viðkomandi ávisunar, að hún hefur ekki fengizt greidd við framvísun til innlausnar. Þegar ákærði hefur gefið út ávisanir, sem eitthvað hefur þannig verið athugavert við, hefur hann stundum vakið athygli viðtakanda ávisunar á, að hún myndi ekki fást greidd í bili, en stundum hefur hann hins vegar ekki gert það. Í fyrrnefndu tilvikunum hefur hann stundum dagsett hina afhentu ávisun fram í tímann og þá pr. þann dag, er hann vildi ábyrgjast, að hún fengist innleyst, en þó fór hann ekki nærri allt af þannig að. Þá virðist og mega ætla af rannsókninni, að ákærði hafi ekki ætíð fylgzt svo vel með, hvernig hinir ávísuðu reikningar stóðu, að honum gæti verið ljóst, hvort til væri innstæða fyrir hverri einstakri ávisun, er hann gaf út. Þá kemur og fram

í rannsókninni, að ákærði hefur, eftir því sem geta hans leyfði, reynt að greiða ávísanir, er lentu í vanskilum samkvæmt framanskráðu. Virðist hann alloft hafa bætt úr óheimilli ávísanaútgáfu sinni á þann hátt.

A. Tékkávisanir, gefnar út á sparisjóðsávísanareikning nr. 4476 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis.

Ávísanareikningur sá, er hér ræðir um, heitir í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis: H/f Oddgeir, Sandgerði. Ekki er þó um að villast, að reikning þenna átti h/f Ó. Oddgeir, Sandgerði. Er einungis um ónákvæmni að ræða varðandi reikningsheitið. Ávísanir á þenna reikning undirritaði ákærði þannig: Oddgeir h/f (stimpill) og nafn sitt undir. Þó kom fyrir, að hann notaði ekki stimpilinn og handritaði þá pr. pr. Oddgeir h/f og nafn sitt undir.

Ávísanir þær, er ákærði hefur gefið út á greindan reikning og fyrir liggja í máli þessu, eru þessar:

1. Ávísun nr. 2183 A, útgefin 8. maí 1945 til Valdimars Long, Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 49.00. Með ávísun þessari greiddi ákærði Valdimar Long, umboðsmanni Ríkisútvarpsins í Hafnarfirði, útvarpsauglýsingu. Ávísuninni var framvísað til innlausnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis einhverntíma fyrir 15. júní 1945, en fékkst ekki innleyst.
2. Ávísun nr. 2435 A, útgefin 18. maí 1945 til Júlíusar Björnssonar, kaupmanns hér í bænum, að fjárhæð kr. 104.00. Með ávísun þessari greiddi ákærði nefndum kaupmanni efni í rafmagnsleiðslur í sambandi við húsið að Staðarbakka í Sandgerði. Ávísuninni var framvísað til innlausnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hinn 20. júní 1945, en fékkst ekki innleyst.
3. Ávísun nr. 2436 A, útgefin 18. maí 1945 til Júlíusar Björnssonar kaupmanns hér í bænum, að fjárhæð kr. 32.50. Með ávísun þessari greiddi ákærði nefndum kaupmanni efni í rafmagnsleiðslur í sambandi við húsið að Staðarbakka í Sandgerði. Ávísuninni var framvísað til innlausnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis hinn 20. júní 1945, en fékkst ekki innleyst.
4. Ávísun nr. 2192 A, útgefin 12. maí 1945 til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að fjárhæð kr. 100.00. Með ávísun þessari greiddi ákærði eftir kröfu hreppstjóra Miðneshrepps sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu hluta af skuld við bæjarfógetann í Vestmannaeyjum.
5. Ávísun nr. 2199 A, útgefin 16. maí 1945 til Gunnlaugs Jósefssonar, hreppstjóra Miðneshrepps, að fjárhæð kr. 200.00. Með ávísun þessari greiddi ákærði eftir kröfu hreppstjóra Miðneshrepps sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu hluta af skuld við bæjarfógetann í Vestmannaeyjum.
6. Ávísun nr. 2200 A, útgefin 16. maí 1945 til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að fjárhæð kr. 100.00. Með ávísun þessari greiddi ákærði eftir kröfu hreppstjóra Miðneshrepps sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu hluta af skuld við bæjarfógetann í Vestmannaeyjum.

Athugasemd við 4, 5 og 6: Einhverri einni þessara ávísana var framvísað til innlausnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis einhverntíma fyrir 7. júní 1945, en hún fékkst ekki innleyst. Var því talið þýðingarlaust að framvísa hinum tveimur, og má eftir gögnum málsins telja öruggt, að svo hefði verið.

7. Ávísun nr. 2448 A, útgefin 4. júní 1945 til Sigurðar Ásmundssonar, Bræðraborgarstíg 24 hér í bænum, að fjárhæð kr. 575.00. Sigurður var um tíma formaður hjá ákærða á v/b Jóni Stefánssyni, og greiddi ákærði honum eitt sinn kaup með greindri ávísun. Ávísuninni var framvísað til innlausnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 28. júní 1945, en fékkst ekki innleyst.
8. Ávísun nr. 2449 A, útgefin 6. júní 1945 til Björgvins Guðmundssonar, að fjárhæð kr. 510.00. Björgvin var um tíma vélamaður hjá ákærða á v/b Jóni Stefánssyni, og greiddi ákærði honum eitt sinn kaup með greindri ávísun. Ávísuninni var framvísað til innlausnar í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis 11. júní 1945, en fékkst ekki innleyst.

Svo sem ljóst er af framanskráðu, eru ávísanirnar 1—8 allar gefnar út á tímabilinu frá 8. maí til 6. júní 1945, enda munu útgáfudagar þeirra vera rétt tilgreindir á þeim sjálfum. Verður að telja, að allar þessar ávísanir hafi ákærði látið af hendi sem góðar og gildar greiðslur til viðtakenda, án nokkurs fyrirvara um, að nokkur óvissa væri um innlausn þeirra.

Svo stóð á, að á útgáfudegi hvernar einstakrar ávísunar var næg innstæða á hinum ávísaða reikningi til greiðslu hennar. Hins vegar hafði innstæða reikningsins verið sett föst með „noteringu“ tveggja ávísana, að fjárhæð kr. 3000.00 og kr. 2.288.18, eða samtals kr. 5288.18, er ákærði hafði áður gefið út til h/f Suðurness hér í bænum. Neitaði sparisjóðurinn um innlausn allra ávísananna af þessari ástæðu. Hvenær ákærði gaf út greindar ávísanir til h/f Suðurness, hefur ekki tekizt að leiða í ljós, né heldur, hvenær „noteringin“ fór fram. Það er þó víst, að þegar hann gaf þær út, samdi hann svo við framkvæmdastjóra h/f Suðurness, Ólaf Einarsson, að hann framvísaði þeim ekki fyrr en eftir vissan tiltekinn tíma. Einnig er ljóst af rannsókninni, að Ólafur framvísaði ekki ávísunum til innlausnar fyrr en að þeim tíma liðnum, enda er það og viðurkennt af ákærða. Mátti ákærða vera ljóst, að Ólafur Einarsson gerði strax að hinum umsamda fresti liðnum ráðstafanir til að fá ávísanir h/f Suðurness greiddar. Ekki var honum heldur heimilt að ætla, að viðtakendur ávísananna 1—8 framvísuðu þeim tafarlaust til innlausnar. — Af þessum ástæðum verður að telja, að ákærði hafi ekki verið í góðri trú um, að ávísanir þær, er ræðir um í 1—8 hér að framan, fengjust innleystar, þegar hann gaf þær út.

B. Tékkávísun, gefin út á sparisjóðsávísanareikning nr. 630 við Austurbæjar-útibú Landsbanka Íslands.

Ofangreindur reikningur heitir í bókum bankaútibúsins: Ólafur Guðmundsson h/f, Austurstræti 2, Reykjavík. Er það nafn búið til alveg út í

bláinn af ákærða. Ávísanir á reikning þenna undirritaði hann þannig: pr. pr. Ólafur Guðmundsson h/f, Ól. Guðmundsson.

Í málinu liggur fyrir ein ávísun á þenna reikning, B nr. 21482, útgefin 31. júlí 1946 til Guðmundar Kristjánssonar, að fjárhæð kr. 33.00. Með ávísun þessari greiddi ákærði nefndum Guðmundi viðgerð á bifreiðarhjólabarða. Guðmundur framseldi ávísunina, og kom hún í hendur rannsóknarlögreglunnar hér í bænum með bréfi Harðfisksölunnar 15. janúar 1947. Ávísun þessari var framvísað til greiðslu 23. desember 1946, en fékkst ekki innlest.

Innstæða var næg fyrir ávísun þessari, þegar hún var gefin út, enda lét ákærði hana af hendi fyrirvaralaust. Þegar henni var framvísað til innlausnar, nam innstæða hins ávísaða reiknings hins vegar ekki nema kr. 17.87. Af þessu er auðsætt, að annað hvort áður en ákærði gaf greinda ávísun út, eða á þeim tíma, er leið frá útgáfu ávísunarinnar til þess, að henni var framvísað til innlausnar, hefur ákærði ávísað svo miklu á reikninginn, að hann með því hefur komið í veg fyrir, að umrædd ávísun yrði innlest. Mátti honum þó vera ljóst, með tilliti til þess, að alkunnugt er, að mjög er títt, að menn dragi lengi að framvísa ávísunum til innlausnar og að bankarnir innleysa margra mánaða gamlar ávísanir, að umræddri ávísun gat auðveldlega verið óframvísað. Þykir því mega jafna greindu háttalagi ákærða til þess, að hann hefði gefið umrædda ávísun út á reikning, er ekki var næg innstæða á til innlausnar hennar.

C. Tékkávísun, gefin út á sparisjóðsávísanareikning nr. 618 við Austurbæjar-útibú Landsbanka Íslands.

Ofangreindur reikningur er í bókum bankaútibúsins á nafni ákærða.

Í máli þessu liggur fyrir ein ávísun, B. nr. 19553, útgefin 30. janúar 1946, að fjárhæð kr. 94.66, stíluð á handhafa, en afhent Dómsmálaráðuneytinu á útgáfudegi fyrirvaralaust sem gild greiðsla fyrir áfrýjunarleyfi, er ákærði fékk afhent þá samdægurs. Að kvöldi útgáfudagsins var innstæða hins ávísaða reiknings næg til innlausnar ávísuninni, en þegar daginn eftir var öll innstæðan tekin út, sennilega með ávísun, sem ákærði hefur gefið út, áður en hérgreind ávísun var gefin út, eða þá a. m. k. svo til samtímis. Síðan hefur aldrei verið næg innstæða á hinum ávísaða reikningi heilan dag til innlausnar þessari ávísun, en þess má þó geta, að 27. febrúar 1946 voru lagðar inn á hann kr. 100.00, er teknar voru út samdægurs. Þessari háttsemi ákærða þykir öldungis mega jafna til þess, að hann hefði gefið greinda ávísun út á innstæðulausan reikning, þar eð ekki er unnt að ætlast til, að með ávísun sé hlaupið til innlausnar samstundis og hún er gefin út.

D. Tékkávísanir, gefnar út á hlaupareikning nr. 1840 við Útvegsbanka Íslands h/f, Reykjavík.

Ofangreindur reikningur er í bókum bankans á nafni ákærða, og ávísanir á hann undirritaði hann með sínu eigin nafni.

Í máli þessu er hann ákærður fyrir útgáfu tveggja ávísana á reikning

penna, er ekki fengust innleystar við framvísun. Ávísanirnar eru þessar:

1. Ávísun O nr. 07730, útgefin 4. marz 1945 til h/f Dvergs í Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 268.75.
2. Ávísun O nr. 7736, útgefin 6. marz 1945 til h/f Dvergs í Hafnarfirði, að fjárhæð kr. 204.04.

Báðar þessar ávísanir gaf ákærði út og afhenti þær h/f Dverg í Hafnarfirði athugasemdalaust sem fullgilda greiðslu fyrir timbur, er hann keypti útgáfudaga ávísananna hjá nefndu félagi, en timbur þetta notaði hann í bekki í samkomuhúsið í Sandgerði. Á útgáfudögum beggja þessara ávísana var næg innstæða fyrir þeim á hinum ávísaða reikningi, en hins vegar var svo komið, þegar þeim var framvísað til innlausnar hinn 22. marz 1945, að ákærði hafði tæmt reikninginn með útgáfu annarra ávísana, sem fyrr var framvísað til innlausnar. Þykir mega jafna þessari háttsemi ákærða öldungis til þess, að hann hefði gefið ávísanir þessar út á innstæðulausan reikning, sbr. það, er segir í lok C hér á undan.

E. Tékkávísanir, gefnar út á sparisjóðsávísanabók nr. 375 við Sparisjóð Hafnarfjarðar.

Ofan nefndur reikningur er í bókum Sparisjóðsins á nafni h/f Oddgeirs. Þrátt fyrir þetta var reikningur þessi eign h/f Ó. Oddgeirs, Sandgerði. Er því aðeins um að ræða ónákvæmni í reikningsheitinu. Ávísanir á reikning þenna undirritaði ákærði þannig: Oddgeir h/f. (stimpill) og nafn sitt undir. Ávísanir þær, er ákærði hefur gefið út á reikning þenna og fyrir liggja í máli þessu, eru þessar:

1. Ávísun B nr. 12033, útgefin 8. ágúst 1945, stíluð á nafn ákærða sjálfs, að fjárhæð kr. 75.00.
2. Ávísun B 12037, útgefin 25. ágúst 1945, stíluð á handhafa, að fjárhæð kr. 350.00.
3. Ávísun B nr. 12046, útgefin 28. ágúst 1945, til Oliuverzlunar Íslands h/f, að fjárhæð kr. 387.80.
4. Ávísun B nr. 12050, útgefin 28. ágúst 1945, til h/f Seguls í Reykjavík, að fjárhæð kr. 894.85.
5. Ávísun B nr. 12035, útgefin 15. ágúst 1945, stíluð á handhafa, að fjárhæð kr. 100.00.
6. Ávísun B nr. 12042, útgefin 24. ágúst 1945, til Mjöl og Bein h/f, Reykjavík, að fjárhæð kr. 160.00.

Um allar ofangreindar ávísanir nema hina fyrstgreindu (1), gildir það, að þær voru gefnar út, án þess að innstæða væri til fyrir þeim á útgáfudegi. En svo sem þegar er greint, var fyrsttalda ávísunin útgefin 8. ágúst 1945, en daginn eftir var hinn ávísaði reikningur tæmdur, en fyrr útgefin ávísun en sú, er hér ræðir um, var hafin, og var því ekki til fyrir greindri ávísun, þegar henni var framvísað til innlausnar. Með vísun til athugasemdanna, sem gerðar eru við ávísanirnar undir B og C hér að framan, ber þó að líta á háttsemi ákærða varðandi fyrsttöldu ávísunina öldungis eins og innstæða hefði ekki verið næg fyrir henni á útgáfudegi.

Ákærði afhendir allar þessar ávísanir athugasemdalaust og sem full-

gildar greiðslur, og var honum þó ljóst, að hinn ávísaði reikningur var innstæðulaus. Telur hann sig hafa framið þenna verknað eingöngu í trausti til þess, að hann myndi fá rekstrarlán handa v/b Jóni Stefánssyni, er hann um þetta leyti var að búa á síldveiðar. Sú von hafi þó brugðizt og því hafi sér ekki reynzt unnt að leggja inn fyrir ávísunum þessum, eins og hann hafi þó ætlað sér. Þessar staðhæfingar ákærða þykja þó ekki geta orðið honum til neinna málsbóta.

*F. Tékkávísun, gefin út á sparisjóðsávísanareikning nr. 702 við
Útibú Landsbanka Íslands, Selfossi.*

Reikningur sá, er hér ræðir um, er á nafni ákærða sjálfs. Ein ávísun, útgefin á reikning þenna, liggur fyrir í máli þessu. Er hún dagsett 1. október 1947, stíluð á Þórð Bogason, Hellu, og að fjárhæð kr. 2.200.00. Þegar ákærði gaf ávísun þessa út og afhenti hana Þórði Bogasyni, tjáði hann honum, að innstæða væri þá ekki næg fyrir henni, en myndi verða síðar. Það brást þó, og tókst eiganda ávísunarinnar ekki að fá hana greidda. En þar eð ákærði skýrði viðtakanda ávísunarinnar frá því við afhendingu hennar, að innstæða væri ekki fyrir henni, varðar útgáfa ávísunar þessarar ákærða ekki refsingu.

Sú háttsemi ákærða, sem útgáfa þessarar ávísunar var liður í, verður rakin síðar.

II.

HLUTAFÉLAGIÐ Ó. ODDGEIR, SANDGERÐI.

Hér að framan hefur verið talað um h/f Ó. Oddgeir í Sandgerði, svo sem allt væri með felldu um stofnun þess, tilvist og starfrækslu að formi og efni til. Svo er þó ekki, heldur er flestu svo farið, sem það varðar, að það verður vart talið hlutafélag að lögum, heldur fyrirtæki, er ákærði einn hafði allan veg og vanda af og bar einn og ótakmarkaða ábyrgð á. Til hægri verka verður fyrirtækið þó einnig hér á eftir kallað hlutafélag.

Verður í þessum kafla fyrst rætt um stofnun, form, stjórn og starfrækslu félagsins, en síðar um bókhald þess.

A. Stofnun, form, stjórn og starfræksla h/f Ó. Oddgeirs, Sandgerði.

Ákærði telur stofnun félags þessa hafa farið þannig fram, að hann hafi farið til málflutningsmanns hér í bænum og fengið hann til að semja stofnsamning og samþykktir fyrir hið væntanlega hlutafélag. Sjálfur segist hann hafa séð um tilkynninguna til hlutafélagaskrárinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu. Kveðst ákærði, áður en skjöl þessi voru samin, hafa verið búinn að minnast lauslega á við nokkra menn, að þeir „tækju að sér“ að gerast stofnendur félagsins. Þegar hann hafði fengið greind skjöl í hendur, hélt hann til Keflavíkur. Er þangað kom, gekk hann á fund hálfstýrur sinnar, Ingu Nielsens, og manns hennar, Helga Kristinsonar verkamanns. Bað ákærði þau að gera það fyrir sig að verða hlutafarar í hlutafélaginu Ó. Oddgeir, er hann kvaðst vera að stofna. Þau þyrftu ekkert að skipta sér af starfsemi þess og ekkert fé að leggja fram, það myndi hann sjá um einsamall. Voru þau treg til, en létu þó undan

fortölum ákærða. Skrifuðu þau síðan nöfn sín undir stofnsamning, stofnfundargerð og hlutafélagatilkynningu, er ákærði hafði allt með sér fullbúið til undirskriftar. Ekki kveðast þau hafa gefið samþykki sitt til að verða talin stjórnendur félagsins, og hefur ákærði sennilega ekki vakið athygli þeirra á, að þau voru talin meðstjórnendur hans í félaginu í ofangreindum skjölum, er þau undirrituðu án athugasemda og auðsæilega að mjög lítt yfirlögðu ráði, enda var hvorugu hjónanna hið minnsta kunnugt um slíkar félagastofnanir. — Annað en nú hefur verið greint hafa greind hjón ekki verið við h/f Ó. Oddgeir riðin.

Eftir viðtalið við framangreind hjón fór ákærði til systur sinnar Lovísu Aðalheiðar Guðmundsdóttur og talaði við hana á sama hátt og hjónin. Gerði hún það og fyrir hann á sama hátt og þau að leyfa honum að telja sig sýndarhluthafa í félaginu, en engin skjöl undirritaði hún. Í framangreindum skjölum var hún talin varastjórnandi í félaginu, en eftir því sem næst verður komizt, hefur hún líklega aldrei lesið þau og sennilega ekki vitað, að í þeim var hún talin varastjórnandi félagsins.

Þegar ákærði fór með greind skjöl til Keflavíkur, hafði hann sett í þau nöfn allra framannefndra venzlamanna sinna sem stofnenda félagsins, en auk þess hafði hann sett í þau nafn Vignis Helgasonar, 13 ára sonar hjónanna Helga Kristinssonar og Ingu Nielsen, sem fimmta stofnanda félagsins. Til þess aflaði hann sér hvorki fyrr né síðar neins samþykkis.

Svo sem greint hefur verið, skrifuðu hjónin Helgi og Inga sjálf nöfn sín á skjöl þau, er ákærði hafði meðferðis og talin voru hér að framan. Hins vegar skrifaði hvorki Lovísa né Vignir undir þau né ákærði heldur nöfn þeirra. Eru skjölin því ekki undirrituð öðrum nöfnum en þeirra hjónanna og ákærða.

Hefur þá verið lýst öllu því, sem aðrir en ákærði einn eru riðnir við h/f Ó. Oddgeir, Sandgerði.

Með skjöl þau, er greind eru hér að framan, fór ákærði í skrifstofu sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu og fékk hlutafélagið skráð þar án nokkurra athugasemda hinn 31. janúar 1945, enda taldi fulltrúi sýslumanns, sá er við skjölunum tók, að allt myndi vera með felldu um félagið, og mun einskis hafa spurt ákærða, og ákærði þá heldur ekki hafa sagt honum neitt um félagið, stofnun þess eða stofnendur varðandi.

Eftir að þessu öllu var lokið, var enginn annar en ákærði neitt við h/f Ó. Oddgeir riðinn.

Af framanskráðu og rannsókn málsins er ljóst, að enginn stofnfundur var haldinn í félaginu, enginn formlegur stofnsamningur samþykktur né heldur samþykktir fyrir félagið. Engir eiginlegir hluthafar voru í því, heldur eingöngu sýndarhluthafar og þar af einn, sem ekki fullnægði skilyrðum til að vera stofnandi hlutafélags og vissi ekki sjálfur, né heldur foreldrar hans, að hann var talinn meðal stofnenda. Engin fundargerðabók var til fyrir félagið, enda enginn fundur haldinn í því hvorki fyrr né síðar. Hlutabréf voru engin gefin út, enda líklega ekkert eiginlegt hlutafé greitt, ekki einu sinni af ákærða sjálfum. Þó virðist e. t. v. mega líta á

fyrrgreinda 5000.00 kr. greiðslu hans við kaupin á Staðarbakka sem hluta-fjárgreiðslu. Ekki var neitt eiginlegt bókhald hjá félaginu, en um það atriði verður rætt hér á eftir. Allt, sem ákærði gerði í nafni h/f Ó. Oddgeirs, gerði hann upp á sitt eindæmi, og fylgdust sýndarhluthafarnir ekkert með því, enda kvaddi hann þá aldrei til neinna ráða í sambandi við félagið eða starfsemi þess.

B. Bókhald h/f Ó. Oddgeirs.

Aldrei var um eiginlegt bókhald að ræða hjá h/f Ó. Oddgeir. Um ávísanaútgáfuna virðist ákærði lítið eða ekkert yfirlit hafa haft. Reikningum, er ákærði greiddi fyrir félagið, „hélt hann saman eftir beztu getu“, að því er hann segir, og kveðst hann hafa töluset þá jafnóðum. Um tekjur af dansskemmtunum og kvikmyndasýningum gerði ákærði nótur og geymdi a. m. k. að einhverju leyti. Eftir að félagið hafði verið úrskurðað gjaldþrota, fór ákærði með fylgiskjöl þau, er hann hafði, líklega eitthvað um 700 talsins, til Ólafs Pálssonar endurskoðanda, Hverfisgötu 42 hér í bænum, og bað hann að „ganga frá“ bókhaldi félagsins eftir þeim. Tók Ólafur þetta að sér og gerði upp úr fylgiskjölunum sjóðdagbók, viðskiptamannabók og efnahagsreikning. Gerði hann þó enga endurskoðun á þessu, heldur hegðaði sér að öllu leyti eins og ákærði lagði fyrir. Þegar Ólafur Pálsson hafði lokið verkinu, þótti ákærða útkoman slæm, og til þess að „hressa upp á hana“ lét hann Ólaf færa eignamegin á efnahagsreikninginn kr. 15.000.00 fyrir vanefndir, er hann taldi hafa verið af hálfu Steindórs Hjaltalins og Guðmundar Egilssonar í sambandi við kaup þau á kvikmyndasýningartækjum, sem getið er hér að framan. Auk þess lét ákærði breyta sínu eigin kaupi úr kr. 10.000.00 í kr. 1500.00 í reikningnum. Hugðist ákærði nota bókhald þetta til þess að fá felld niður gjaldþrotaskiptin á h/f Ó. Oddgeir og vildi því láta það sýna sem bezta útkomu. Bókhald þetta afhenti ákærði síðan sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, er hlutaðist til um, að hrl. Ragnar Ólafsson, löggiltur endurskoðandi, endurskoðaði það.

Í málinu liggur fyrir endurskoðunarskýrsla hins löggilta endurskoðanda. Í henni eru gerðar hinar margvíslegustu athugasemdir við bókhaldið, er þó ekki þykir ástæða til að rekja hér, að öðru leyti en því, að endanleg ályktun endurskoðandans um galla bókhaldsins er þessi:

1. Frumbækur hafa ekki verið færðar.
2. Bókhaldið er ekki fært fyrr en eftir að gjaldþrotið var úrskurðað.
3. Efnahagsreikningur hefur ekki verið færður í sérstaka löggilta bók.
4. Á efnahagsreikningi 31/12 1945 eru ekki greindar allar skuldir fyrirtækisins.
5. Greinargerð um veðsetningar á eignum h/f Ó. Oddgeirs fylgir ekki efnahagsreikningi 31/12 1945.
6. Fyrirtækið hefur ekki geymt skjöl þau, er 14. gr. laga nr. 62 11. júní 1938 um bókhald greinir.
7. Færsla á vinnulaunum ákærða í sjóðdagbók, dagsett 8. ágúst 1945,

virðist hafa verið skafin út og breytt, sbr. framburð Ólafs Pálssonar endurskoðanda um það atriði hér að framan.

Auk þessara athugasemda hins löggilta endurskoðanda er þess að geta, að ljóst er af rannsókn málsins, að það var gegn betri vitund, að ákærði lét Ólaf Pálsson „hressa upp á“ efnahagsreikninginn með fyrrgreindri 15.000.00 króna vanefndaskuld hjá Steindóri Hjaltalin og Guðmundi Egilssyni, þar eð honum var ljóst, að hjá þeim átti félagið ekkert.

III.

ÖNNUR SAKARATRÆÐI Á HENDUR ÁKÆRÐA.

A. Skipti ákærða við Jón Þorvarðsson, Vindási.

Hinn 3. eða 4. september 1947 var ákærði staddur á Hellu á Rangárvöllum. Einnig var þar staddur Jón Þorvarðsson, bóndi að Vindási í Rangárvallasýslu. Hafði Jón í fórum sínum ávísun, að fjárhæð kr. 8250.00, er hann þurfti að láta innleysa, en ávísun þessi var á Útibú Landsbankans að Selfossi, útgefin af Gunnari Sigurðssyni frá Selalæk. Nú talaðist svo til milli Jóns bónda og ákærða, að ákærði, er um þetta leyti ók bifreið milli Reykjavíkur og sveitanna eystra, tæki ávísunina, fengi hana innleysta á Selfossi og afhenti Þórði Bogasyni verzlunarmanni að Hellu andvirði hennar. Fékk ákærði ávísunina greidda að Selfossi samdægurs á leið sinni til Reykjavíkur. Er þangað kom, notaði hann kr. 2500.00 af fénu til kolakaupa fyrir sjálfan sig, en kol þessi ætlaði hann síðan að selja eystra. Eftir nokkurn tíma greiddi hann Þórði Bogasyni kr. 6050.00 og sagði þá Þórði, að þeir peningar væru frá sér, þar eð sér hefði ekki unnizt tími til að framvísa ávísuninni. Eftirstöðvarnar myndi hann greiða alveg næstu daga. Eftir nokkra daga kom ákærði enn til Þórðar og tjáði honum þá, að hann hefði fengið ávísunina greidda, en gæti ekki í bili staðið skil á eftirstöðvum hennar, kr. 2200.00. Óskaði ákærði að fá að gefa Þórði ávísun fyrir þessari fjárhæð, en tjáði honum þó jafnframt, að í bili væri ekki til næg innstæða fyrir henni. Samþykkti Þórður þetta og tók þá við ávísun þeirri, er ræðir um í I. F. hér að framan, en hana dagsetti ákærði nokkuð fram í tímann, eða hinn 1. október 1947, enda lofaði hann, að þá skyldi næg innstæða verða til fyrir henni. Þetta brást þó, og hefur ákærða ekki reynzt unnt að greiða greinda skuld við Jón bónda Þorvarðsson enn þá.

B. Skipti ákærða við Ole Larsen skipstjóra.

Hinn 19. október 1944 sendi Alfons Jónsson lögfræðingur á Siglufirði ákærða símskeyti og spurðist fyrir um, hvort hann gæti útvegað fisk í færeyska skipið m/k Verðandi frá Saltangeraa, sem þá var statt á Siglufirði. Út af þessu talaði ákærði við Alfons í síma og tjáði sig geta þetta, en fór fram á að fá þegar sendar kr. 15.000.00 upp í fiskkaupin. Skipstjórninn á Verðandi, Ole Larsen, féllst á þetta og sendi ákærða þá fjárhæð í Útvegsbankann hér í bænum. Voru peningarnir sendir 26. október 1944, og samdægurs fór skipið frá Siglufirði áleiðis til Reykjavíkur, en mun hafa farizt á leiðinni, enda hefur ekkert til þess spurzt síðan. Þá fjárhæð,

er hér um ræðir, gat ákærði ekki endurgreitt, þegar hann var krafinn um hana, og í rannsókn máls þessa hefur hann játað, að hann hafi án nokkurrar heimildar notað hana í eigin þarfir.

C. Skipti ákærða við Thorvald Jensen úrsmið í Thorshavn.

Líklega haustið 1944 datt ákærða í hug að fara að selja úr héðan til Færeyja. Á einhvern hátt fékk hann nafn Thorvalds Jensens úrsmiðs í Thorshavn í Færeyjum og komst í samband við hann og bauð honum armbandsúr til kaups, líklega 12 að tölu. Skyldi Jensen greiða þau fyrirfram í banka hér. Samþykkti Jensen kauptilboðið og sendi ákærða greiðslu í Útvegsbankann hér í bænum. Úrin mun ákærði síðan hafa sent Jensen með fiskiskipi, en þau hafði hann keypt hjá úrsmið hér í bænum. Aðra úrasendingu höfðu þeir ákærði og Jensen kaup um á nákvæmlega sama hátt. Þriðju kaupin skyldu og fara fram á sama hátt. Í því sambandi sendi Jensen ákærða þriðju peningasendinguna í febrúar 1945. Var fjárhæð hennar ísl. kr. 2760.00, og átti ákærði að senda Jensen úr fyrir. Þessa peninga notaði ákærði heimildarlaust í eigin þarfir og hefur ekki þrátt fyrir innheimtutilraunir af hálfu Jensens getað endurgreitt honum þá.

D. Skipti ákærða við Partafélagið Ludv. Poulsen, Thorshavn.

Líklega haustið 1944 eða síðar sendi ákærði ofanefndu félagi sýnishorn af raflampaskermum, er hann hafði umráð yfir, til sölu. Jafnframt tjáði hann félaginu, að ef það pantaði eitthvað hjá sér af skermum, yrði það að senda greiðslu fyrirfram. Félag þetta pantaði síðan skerma hjá ákærða fyrir færeyskar kr. 357.62 og sendi honum þá fjárhæð í Útvegsbankann hér sem fyrirframgreiðslu. Þegar ákærði fékk peningana, tók hann þá og notaði heimildarlaust í eigin þarfir, en sendi ekki skermana, enda telur hann sig ekki hafa getað útvegað þá, þegar peningarnir komu. Þrátt fyrir innheimtutilraunir af hálfu félagsins hefur ákærði ekki getað endurgreitt fjárhæð þessa.

E. Dvöl ákærða að Hótel Borg.

Í september 1944 tók ákærði á leigu herbergi að Hótel Borg hér í bænum. Var kona hans þar með honum um tíma, en annars var hann þar lengst af einn. Var herbergisleigan kr. 16.00 á dag, en auk þess átti ákærði að greiða fyrir símaafnot, líklega þó aðeins fyrir utanbæjarsímtöl, og veitingar, er hann fengi í herbergið. Ekki var samið um neinn sérstakan greiðslumáta, en sá háttur hafður á, að ákærða var afhentur reikningur vikulega. Kveðst ákærði ætíð hafa greitt vikureikninginn við sýningu, þegar sér hafi verið það unnt. Telur hann sig hafa skuldað nokkuð um áramótin 1944 og 1945, en þá skuld hafi sér þó tekizt að greiða. Kveðst hann því vera skuldaus við hótelið til 1. janúar 1945, og kemur það heim við reikning hótelsins, er telur skuld ákærða frá 1. janúar til 14. júní 1945 kr. 6272.25. Frá 1. janúar 1945 hafi sér hins vegar ekki tekizt að greiða hótelinu neitt, þrátt fyrir kröfu þess um greiðslu, sem ákærði ætíð lokaði að taka til greina, en brast getu til. — Hinn 14. júní 1945 fór

ákærði suður í Sandgerði og var þar nokkra daga. Flutti hann þó ekki úr herberginu, og þegar hann kom hingað aftur, ætlaði hann enn að setjast að í því, en þá var búið að leigja öðrum herbergið, og fékk ákærði ekki gistingu í hótelinu. — Af gögnum málsins er ljóst, að ákærði lifði um efni fram með því að búa á Hótel Borg og að honum átti að vera ljóst sjálfum, að hann hafði ekki möguleika til að greiða fyrir dvöl sína þar.

F. Dvöl ákærða að Hótel Garði.

Tímabilið 27. ágúst—23. september 1947 stundaði ákærði bifreiðarakstur milli Reykjavíkur og Akraness, en átti þó heima að Selfossi. Taldi hann sér nauðsynlegt að hafa herbergi hér í bænum þenna tíma og tók sér því gistingu að Hótel Garði. Auk þess tók hann þar gistingu eina nótt handa manni nokkrum, er var á hans vegum. Reikningur Hótel Garðs fyrir þetta nam kr. 1928.80, og fór ákærði úr hótelinu án þess að greiða hann, og þrátt fyrir ítrekuð loforð við veitingamanninn hefur ákærði ekki greitt reikning þenna. — Tekjur hans um þetta leyti voru ekki svo miklar, að hann gæti búizt við að geta staðið straum af svo hárrí greiðslu fyrir svefnstað sinn, sem hér var um að ræða. Kemur og fram í rannsókninni, að ákærða var þetta ljóst.

G. Notkun ákærða á skammstöfuninni h/f.

Ákærða hefur verið mjög gjarnt að nota heimildarlaust skammstöfunina h/f. Hefur hann jafnvel gengið svo langt að skrifa hana aftan við nafn sitt og kalla sig: Ólafur Guðmundsson h/f. Þá hefur hann og notað nafnið Oddgeir h/f, Kirkjustræti 2, Reykjavík, án þess að neitt félag væri til, er það hét. Þessi misnotkun ákærða á greindri skammstöfun hefur þó ekki, svo vitað sé, orðið til þess að véla um fyrir neinum í skiptum við hann, þannig að fjárhagslegt tjón hafi af hlotizt.

IV.

FJÁRHAGUR ÁKÆRÐA.

Af gögnum málsins er ekki auðvelt að gera sér þess ljósa grein, hvernig fjárhag ákærða og h/f Ó. Oddgeirs hefur verið varið á þeim tíma, er hér skiptir máli. Víst er þó, að á þessum tíma öllum var fjárhagur þeirra mjög bágborinn og eðlilegir fjáröflunarmöguleikar mjög rýrir. Virðist ákærði allengi fyrir afbrot sitt og h/f Ó. Oddgeirs hafa átt að sjá, að ekki voru eðlilegir möguleikar til þess að greiða þær skuldir, er á honum persónulega og félaginu hvildu, en svo sem sjá má af því, sem fyrr er sagt, námu hinar lýstu kröfur í búin samtals kr. 99.312.73. Auk þessa voru nokkrar skuldir, er ekki var lýst í búin. Má því telja, að ákærði og h/f Ó. Oddgeir hafi verið mjög skuldum hlaðin, en um hina rýru möguleika ákærða til eðlilegrar tekjuöflunar nægir að vísa til þess, að ljóst er af rannsókninni, að hann átti fullt í fangi með að standa undir persónulegum framfærslukostnaði sínum, þrátt fyrir þá notkun á annarra fé, sem fyrr er lýst. Bar honum því af sjálfsdáðum að snúa sér til skiptaráðanda um gjaldþrotaskipti á búi sínu og h/f Ó. Oddgeirs fyrr en skiptaráðandi

tók þau til skiptameðferðar, enda verður af því, sem fyrr er greint, að draga þá ályktun, að ákærði hafi fyrr en þá raunverulega verið búinn að stöðva skuldagreiðslur, að fjárhagur hans og félagsins hafi versnað síðasta árið og að hann hafi átt að sjá, að hann gat hvorki greitt skuldir sínar né þess.

Með útgáfu tékkávisana þeirra, sem greindar eru í I A 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7 og 8, I B, I C, I D 1 og 2 og I E 1, 2, 3, 4, 5 og 6, hefur ákærði í þeim tilvikum, er hann tók við verðmætum fyrir ávísanirnar, samtímis því, að hann afhenti þær, unnið til refsingar eftir 248. gr. almennra hegningarlaga, en þau tilvik, er hann greiddi eldri skuldir með ávísunum þessum, varða hann við 261. gr. sömu laga.

Með háttarni því, sem lýst er í II A og III G, hefur ákærði brotið 2., 3., 4., 6., 10., 32. og 44. gr. laga um hlutafélög nr. 77 27. júní 1921 og unnið til refsingar eftir 53. sbr. 54. gr. þeirra laga.

Með vanrækslu þeirri og háttsemi, sem lýst er í II B, hefur ákærði gerzt brotlegur við 2., 4., 5., 6., 7., 8., 10., 11., 12., 13. og 14. gr. laga um bókhald nr. 62 11. júní 1938 og unnið til refsingar eftir 18., 19. og 20. gr. þeirra laga og 262. gr. almennra hegningarlaga.

Með háttarni því, sem lýst er í III A, B, C og D, hefur ákærði unnið til refsingar eftir fyrri málsgrein 247. gr. almennra hegningarlaga.

Með háttarni því, sem lýst er í III E og F, hefur ákærði unnið til refsingar eftir 248. gr. almennra hegningarlaga.

Þá hefur ákærði og með vísun til þess, sem sagt er í IV, gerzt brotlegur við síðustu málsgrein 1. gr. laga um gjaldþrotaskipti nr. 25 14. júní 1929 og unnið til refsingar eftir 39. gr. þeirra laga.

Með vísun til 77. gr. almennra hegningarlaga þykir refsing ákærða í einu lagi fyrir öll framangreind brot hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði.

Samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga ber að svipta ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Samkvæmt 4. mgr. 8. gr. gjaldþrotaskiptalaganna, 19. gr. bókhaldslaganna og 1. og 2. mgr. 68. gr. hegningarlaganna þykir verða að svipta ákærða ævilangt rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda hans, hrl. Egils Sigurgeirssonar, er þykja hæfilega ákveðin kr. 1.500.00.

Í sérstakri bókun í réttarhaldi því, sem dómur þessi er kveðinn upp í, er gerð grein fyrir rekstri málsins, en hann hefur verið vítalaus.

Dómsorð:

Ákærði, Ólafur Oddgeir Guðmundsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði er frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærði er ævilangt sviptur rétti til að reka eða stjórna verzlun eða atvinnufyrirtæki.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun verjanda síns, hrl. Egils Sigurgeirssonar, kr. 1500.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. nóvember 1951.

Nr. 139/1950. **Fiskiveiðahlutafélagið Njáll**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Alliance h/f (Gunnar Þorsteinsson).

Dráttaraðstoð skips.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. nóvember 1950, að fengnu áfrýjunarleyfi, dags. 6. s. m. Gerir hann þær dómkröfur, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 200.000.00 með 6% ársvöxtum frá 12. marz 1949 til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Loks krefst áfrýjandi þess, að ákveðinn verði sjóveðréttur í b/v Kára, R.E. 195, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Óhrakið er það álit hinna sérfróðu samdómenda í héraði, að bæta hefði mátt vélarbilun b/v Kára, R. E. 195, til bráða-birgða svo, að hann hefði getað siglt til Reykjavíkur af eigin ramleik. Ber því að staðfesta ákvæði héraðsdóms um, að hjálp sú, sem b/v Baldur veitti honum, hafi verið aðstoð. Þegar litið er til allra aðstæðna, þykir rétt að ákveða þóknun fyrir aðstoðina, þar með taldar bætur fyrir togvír, kr. 25000.00. Ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi, 12. marz 1949,